

Nefndasvið Alþingis
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

nefnasvid@althingi.is

Reykjavík, 26. febrúar 2020

Mál: Frumvarp til laga um brottfall ýmissa laga (úrelt lög), 529. mál

Samtök atvinnulífsins (SA) vísa til tölvupósts efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis frá 11. febrúar sl. þar sem óskað var umsagnar um ofangreint mál. Með frumvarpinu er lagt til að felldir verði úr gildi ýmsir lagabálkar sem ekki eiga lengur við sökum breyttra aðstæðna eða sökum þess að ráðstafanir sem lögín kváðu á um eru um garð gengnar.

Að mati SA er jákvætt að stjórnvöld yfirfari lagabálka með reglubundnum hætti og endurmeti gildandi reglur. Í ljósi þeirra breytinga sem frumvarpið leggur til vilja SA jafnframt benda á lög nr. 88/1971 um 40 stunda vinnuviku. Lögín eru barn síns tíma, úrelt og ætti því að fella þau úr gildi. Um þau atriði er lögín gilda um, vinnutíma og hlé frá honum, er samið í kjarasamningum á milli aðila vinnumarkaðarins. Löggjafinn á ekki að hafa afskipti af útfærslum á kjarasamningsbundnum vinnutíma og frídögum.

Virðingarfyllt,
f.h. Samtaka atvinnulífsins



Heiðrún Björk Gísladóttir